



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR



Starfsáætlun
Bláskógaskóla leikskóladeild
Skólaárið 2014-2015

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Skóladagatal 2014-2015 | 4 |
| Leikskólastarfið | 4 |
| Börnin | 4 |
| Starfsmenn | 4 |
| Daglegt líf | 4 |
| Aðlögun | 4 |
| Dagskipulag | 4 |
| Að koma og fara | 5 |
| Að klæða sig í og úr | 5 |
| Borðhald | 5 |
| Svefn og hvíld | 5 |
| Frágangur og snyrtimennska | 6 |
| Námssviðin | 6 |
| Læsi og samskipti | 6 |
| Heilbrigði og vellíðan | 6 |
| Sjálfbærni og vísindi | 7 |
| Sköpun og menning | 7 |
| Lýðræði og mannréttindi | 7 |
| Fastir liðir í starfi | 8 |
| Útivist | 8 |
| Samverustundir | 8 |
| Söngstundir | 8 |
| Foreldrasamstarf /fundir og viðtöl | 8 |
| Áherslur í starfi | 9 |
| Reggio | 9 |
| Tengsl leik- og grunnskóla | 9 |
| Málörvun og stærðfræði | 9 |
| Útiskólinn | 10 |
| Smíðjur | 10 |
| Hagnýtar upplýsingar | 10 |
| Að koma og fara | 10 |
| Afmæli barnanna - Þegar börn hætta | 10 |
| Persónulega hirslan | 10 |
| Klæðnaður barna | 11 |
| Óhöpp, slys og veikindi | 11 |
| Fjarvistir barna | 11 |
| Dvalartímar | 11 |

| | |
|-------------------------------|----|
| Dvalargjöld..... | 11 |
| Skipulagsdagar/ Lokun..... | 12 |
| Upplýsingatöflur..... | 12 |
| Foreldrasamstarf..... | 12 |
| Foreldrafundir..... | 12 |
| Foreldrafélag | 12 |
| Mat á skólastarfi | 12 |
| Matsáætlun | 13 |
| Stoðþjónusta | 13 |
| Sérfræðiþjónusta | 13 |
| Símenntunaráætlun..... | 13 |

Skóladagatal 2014-2015

Sjá fylgiskjal 1

Leikskólastarfið

Börnin

Börnin verða 24 frá september.

Starfsmenn

Hrund Harðardóttir skólastjóri

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir deildarstjóri/staðgengill

Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir deildarstjóri

Guðrún Lilja Jónsdóttir leikskólakennari

Hrafnhildur Eyþórsdóttir leikskólaliði

Dröfn Þorvaldsdóttir leikskólakennari /samstarf við grunnskóladeild

Lilja Unnur Ágústsdóttir starfsmaður

Daglegt líf

Aðlögun

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--|--|--|
| Efla upplýsingastreymi | Gefa ítarlegar upplýsingar fyrstu dagana um líðan barnsins | Samtöl við foreldra í foreldraviðtölum |
| Gefa börnunum góðan tíma | Að foreldrar upplifi sig sem velkomna í leikskólann | Spurningakönnun |
| Gera aðlögun einstaklingsmiðaða | Bjóða foreldrum að vera meiri þátttakendur í starfinu. | |
| Gera foreldra og barn örugg í umhverfi leikskólans | | |
| Kynnast stefnu leikskólans og dagskipulagið með beinum hætti | | |

Dagskipulag

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---|-------------------------------|----------------------|
| Að börnin öðlist öryggi og festu í daglegu starfi | | |
| Að fylgja eftir námsþáttum aðalnámskrár | Samstarf um gerð dagskipulags | Endurmat og skráning |
| Nýta tímann og húsnæðið sem best | | |

Að koma og fara

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---|---|-------------------------------------|
| Taka hlýlega á móti og kveðja hlýlega | Heilsa og kveðja öllum | Samtöl við foreldra /foreldraviðtöl |
| Skapa góða móttöku og kveðjustund | Fagna börnunum þegar þau koma | |
| Viðhalda góðri samvinnu milli heimilis og skóla | Sýna frumkvæði og taka börnin í fangið ef þau eiga erfitt með að skilja við foreldrana. | Spurningakönnun |
| | Þakka fyrir daginn | |
| | Spjalla við foreldrana og þakka fyrir daginn | |

Að klæða sig í og úr

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--------------------------------------|--|----------------------|
| Gera börnin sjálfstæð og sjálfbjarga | Gefa góðan tíma | Samræður starfsmanna |
| Efla grófhreyfingar og fínhreyfingar | Hvetja börnin til að gera sjálf | |
| Læra að sýna tillitssemi | Hvetja foreldra til að merkja föt barnanna | |

Borðhald

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---|---|----------------------|
| Að börnin njóti þess að matast með vinum og félögum | Æfa börnin í að skammta sér sjálf þegar þau hafa getu til | Samræður starfsmanna |
| Efla samræður og tengsl við borðfélaga | | |
| Samræma reglur og borðsiði | Fræða um skammtastærðir | |
| Gera börnin sjálfstæð og sjálfbjarga við að matast | Hvetja börnin til að smakka á öllum mat | |
| Hollt og gott fæði | | |
| Efla fínhreyfingar | | |

Svefn og hvíld

| Markmið | Leiðir | Mat |
|----------------------------------|---|----------------------|
| Að börnin hvílast og endurnærast | Öll börn hvílast í ákveðinn tíma með tilliti til aldurs og mismunandi þarfa | Samræður starfsmanna |

| | | |
|---|--|--|
| Að börnin séu tilbúin í seinni hluta skóladagsins | Viðhalda ró í skólanum í ákveðinn tíma | |
| Örva meltinguna | Kenna að sýna öðrum tillitssemi | |

Frágangur og snyrtimennska

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--------------------------|---|----------------------|
| Kenna börnunum hreinlæti | Handþvottur fyrir mat og eftir salernisferðir | Samræður starfsmanna |
| Að ganga snyrtilega um | Gefa nægan tíma í frágang | |
| Að ganga frá eftir sig | Að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir | |

Námssviðin

Læsi og samskipti

Leikskólastarfið er undirbúningur fyrir grunnskólagöngu og málörvun þráður í gegnum allt starfið á deildinni. Ritmál, tölur og form eru sýnileg víða á leikskóladeildinni. Þetta er þáttur í að vekja löngun barnanna til að læra að lesa og skrifa. Lesið er fyrir börnin og málörvun fer fram í fataklefa, við matarborð og í sérstökum málörvunarstundum.

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--|---|-----------------|
| Vera meðvituð um mikilvægi læsis í víðum skilningi. | Að starfsmenn lesi Aðalnámskrá. | Hljóm - TRAS |
| Að börnin auki hæfni til að lesa í umhverfi sitt og geti tjáð sig. | Að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir og fylgist vel með og stuðli að jákvæðum og góðum samskiptum. | Foreldrasamtöl. |
| | Ýta undir samtal barnanna og hvetja börnin til samræðna. | |

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna. Í Bláskógaskóla er lögð áhersla á umhyggju, persónulega umhirðu s.s. handþvott, holla næringu, slökun og hvíld, jákvæð samskipti og félagsleg tengsl.

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---------|--------|-----|
|---------|--------|-----|

| | | |
|---|--|---------------------|
| Að sérhverju barni líði vel með sjálft sig. | Hollt fæði, nægt rými og tími til hreyfinga, slökun, umhyggja, jákvæð samskipti og ögrandi umhverfi. | Umræða starfsmanna. |
|---|--|---------------------|

Sjálfbærni og vísindi

Leikskólastarf þarf að skapa aðstæður svo börn geti velt fyrir sér ýmsum fyrirbærum í náttúrunni og umhverfinu. Í Bláskógaskóla fá nemendur tækifæri til þess í útiskóla og í gönguferðum um fjölbreytilegt umhverfi skólans.

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--|---|---------------------|
| Að börnin rannsaki, skoði, upplifi og prófi umhverfi sitt. | Að bjóða upp á nægan efnivið , tíma og skilning á rannsóknum barna. | Umræða starfsmanna. |
| | Vísindavika, hvetja börnin til margbreytilegra verka. | |

Sköpun og menning

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn geta m.a. tekið þátt í skapandi ferli, upplifa eigin sköpunarkraft, kynnast bókmenntum af ýmsum toga, læra texta og taka þátt í söng í bland við aðra menningu og listir. Þessum þáttum er mætt með söngstundum, þulu og textalærdómi, þátttöku í hátíðum í skólanum. Smiðjuvinna opnar huga fyrir margvíslegri sköpun úr margbreytilegum efnivið.

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---|--------|-----|
| Sjá - söngstund - Smiðja - samverustund | | |

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Ræða þarf stöðu og réttindi einstaklinga með börnunum. Kenna þeim gagnrýna hugsun og þátttöku í samfélagi.

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---|---|-----------|
| Að allir einstaklingar njóti sömu tækifæra. | Með samtölum, samverum, starfsmenn fyrirmyndir. | Samræður. |
| | Virðing fyrir fjölbreytileikanum. | |

Fastir liðir í starfi

Útivist

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--|----------------------|----------------------------------|
| Fjölbreytt hreyfing. | Leikir á leikvelli. | Fylgjast með leik og starfi úti. |
| Upplifa og kynnast náttúrunni. | Gönguferðir. | |
| Klæða sig í og úr þeim fötum sem við á á hverjum tíma. | Fataklefinn, samtal. | Fylgjast með framförum. |
| Frjáls leikur, óheft. | Frelsi/fjölbreytt. | Fylgjast með, meðvitað. |

Samverustundir

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---|---|-------------------------------|
| Menningartengt. | Dagatal, klukka, árið. | |
| Samvera með markviss viðfangsefni. | | Meðvituð athugun |
| Stærðfræði, þulur, læsi, að vera í hóp og hlusta á aðra og sýna virðingu. | Tölur/þulur/runur/telja/vísur/formin. Gamlar íslenskar-utanbókar Stafir/orð/bækur/hljóð/söngvar | Hvaða börn taka þátt, virkni. |

Söngstundir

| Markmið | Leiðir | Mat |
|--|----------------------|--|
| Hlustun. | Sitja saman, hlusta. | Fylgja þau hinum-syngja þau með. |
| Aukinn orðaforði. | Læra-samvera. | Með samtali |
| Samvera og menning. Að læra texta, þjóðlög Árstíðatengdur söngur, Þorri, jól, haust, vor | | Þátttakandi, virkni í söngnum Foreldrasamtöl. |

Foreldrasamstarf /fundir og viðtöl

| Markmið | Leiðir | Mat |
|---------------------------------|---|---------------------------------------|
| Upplýsingar um líðan og þroska. | Foreldrasamtöl. | Samtal starfsmanna við skipulagningu. |
| Virka foreldra til þátttöku. | Foreldrafélag, vordagur, kynningarfundir. | |

| | | |
|--------------------|--|--|
| Heimboð í skólann. | Bóndadagur og konudagur (grautur-kaffi) | |
|--------------------|--|--|

Áherslur í starfi

Reggio

Starfið á leikskóladeild Bláskógaskóla er skipulagt eftir starfsaðferðum Reggio Emilia sem á uppruna frá Ítalíu. Meginmarkmið stefnunnar eru að hvetja barnið til að þess að nota öll sín skilningarvit, „málin sín hundrað“ og starfa markvisst að því að virkja frumlega og skapandi hugsun. Í starfinu eru notaðar opnar spurningar eins og hvað, hvernig og hvers vegna? Lögð er áhersla á takmarkalaust traust og virðingu fyrir barninu og getu þess til að afla sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum. Sjálfsmynd barnsins mótast af þeim viðbrögðum og þeirri framkomu sem barnið mætir í umhverfinu. Mikil áhersla er lögð á að skoða einstaklinginn, hvar áhugi hans og geta liggur. Meginþema deildarinnar er virðing fyrir barninu og lögð er áhersla á að barnið verði hvatt til virkrar og skapandi hugsunar. Barninu er gefinn kostur á að tjá tilfinningar sínar og hugsanir og tengja við tilfinningar annarra. Með alhliða þjálfun skynjunar og tilfinninga eykst sjálfsvitund og trú á eigin getu. Sterk sjálfsmynd gerir barnið umburðarlyndara og skilningsríkara á skoðanir annarra.

Tengsl leik- og grunnskóla

Málörvun og stærðfræði

Markmiðið með samvinnu skólastiganna er að auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga.

Það er jafn mikilvægt að leikskólabörn hafi tengsl við grunnskólann eins og að grunnskólabörn hafi tengsl við leikskólann.

Börnum úr 1. og 2.bekk, ásamt 5 ára börnum er blandað í hópa eftir því hvar þau standa.

Þegar ráðað er í hópa er stuðst við niðurstöður úr Hljóm-prófi sem lagt er fyrir 5 ára börnin og önnur læsispróf sem lögð eru fyrir í grunnskóla.

Farið er í leiki með börnunum og þar er áhersla lögð á að efla hljóðkerfisvitund, virka hlustun, einbeitingu og stærðfræði.

Kennslufræðilegur leikur byggir á því að tengja saman leik og ákveðin námsmarkmið í þeim tilgangi að börnin fái tækifæri til að byggja upp þekkingu út frá eigin áhuga og því sem þeim finnst skemmtilegt.

Þetta samstarf leik- og grunnskóla hefur skilað sér í vel undirbúnum nemendum í fyrsta bekk.

Útiskólinn

Elsti árgangur leikskóladeildar og 1. – 4. bekkur grunnskóladeildar fara í útiskóla einu sinni í viku. Börnunum er skipt í hópa þannig að allir fá að taka þátt í verkefnum á eigin forsendum.

Útikennslan er í stöðugri þróun og aðstaðan alltaf að batna. Börnin borða morgunhressingu í skóginum sem stundum er skógadrykkur eða annað hitað í skóginum.

Verkefnin sem unnið er að, eru árstíðarbundin, en inn í þau er fléttað verkefnum sem eru óháð árstíðum. Má þar nefna málörvun, eðlisfræði, stærðfræði og líkamsvitund.

Búið er að ákveða verkefni dagsins, og áður en farið er af stað er rætt við börnin um það.

Hvert verkefni er notað eins lengi og áhugi barnanna varir.

Í lok ferðar er spjallað við börnin um verkefni dagsins.

Í útikennslu er aldrei hægt að sjá fyrir hvað gerist í hverri stund og þess vegna mikilvægt að geta lagt skipulagðar stundir til hliðar og brugðist við því sem kemur upp og nýta það til náms og ánægju.

Smiðjur

Smiðjur eru tvisvar í viku, tvær kennslustundir í senn. Þær eru fyrir börn á aldrinum 5-12 ára.

Börnunum er aldursblandað í hópa og eru 8-9 börn í hverjum hóp.

Þar koma allir verkgreinakennarar grunnskólans að ásamt einum leikskólakennara. Börnin eru 4 vikur í hverri smiðju.

Fyrir hverja lotu er ákveðið þema sem unnið er með í ákveðinn tíma.

Hagnýtar upplýsingar

Að koma og fara

Leikskólinn leggur áherslu á að taka eigi vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið. Mjög mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar komið er í leikskólann og einnig þegar það er sótt, svo það geti lokið við það sem það er að gera. Ætlast er til að foreldrar fylgi barninu inn á leiksvæðin. Það er nauðsynlegt að foreldrar láti starfsmann vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það. Foreldrar eru beðnir að tilkynna þegar annar en foreldri sækir barnið og skv. tillögum umboðsmanni barna er það rétt að það sé ekki barn yngra en 12 ára sem sækir eða kemur með barnið. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum á leið í og úr leikskólanum.

Afmæli barnanna - Þegar börn hætta

Afmælisdagur er stór dagur fyrir hvert barn. Haldið er upp á hann í leikskólanum. Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskólans og foreldranna um hvernig haldið er upp á þessa daga. Afmælisbarnið útbýr kórónu, kveikt er á afmæliskertum og afmælissöngurinn sunginn.

Persónulega hirslan

Hvert barn á sérstaka hirslu. Enginn annar má fara í hirslu barnsins án leyfis. Í hirslunni geymir barnið persónulega muni, svo sem myndir af fjölskyldu sinni eða einhverja hluti að heiman sem barninu þykir vænt um og/eða veita því öryggiskennd. Þar eru einnig oft geymdir

Bláskógaskóli leikskóladeild

hlutir sem barnið notar í leikskólanum til dæmis skæri, liti eða verkefni sem eftir er að ljúka. Það er gott fyrir barnið að eiga eitthvað persónulegt í leikskólanum þar sem að öðru leyti er svo mikið um samvinnu, samveru og sameign.

Klæðnaður barna

Mikilvægt er að klæðnaður barnsins sé þægilegur og hæfi veðri. Merkja skal fatnað barnsins. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað (nærföt, bol, buxur, sokkabuxur, sokka, peysu) og geyma þau í körfunum í fataklefanum. Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman. Í leikskólanum er unnið með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna. Hólf, hillu og körfu barnsins þarf að tæma á föstudögum vegna þrifa.

Óhöpp, slys og veikindi

Börn í leikskólum Bláskógabyggðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi, eða veikist, er haft samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á heilsugæslustöð. Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins eða öðru sem það hefur með sér í leikskólann.

Leikskólastarfið er skipulagt með það í huga að öll börn geti tekið þátt í starfinu, bæði úti og inni. Veik börn eiga ekki að vera í leikskólanum. Börn þurfa að vera minnst einn dag heima, hitalaus eftir veikindi. Ef aðstæður í leikskólanum leyfa, þá er heimilt að hafa börnin inni einn dag eftir veikindi. Athugið að barnið getur líka verið lasið þótt hiti sé ekki merkjanlegur. Ef barnið má ekki vera úti eftir veikindi fer það ekki heldur í íþróttir í íþróttahúsi.

Við mælumst til að við séum ekki beðin um að gefa börnum lyf og fylgjum leiðbeiningum frá Heilsugæslustöð Laugaráss. Til þess að geta orðið við beiðni um sérfaði þarf vottorð frá lækni því til stuðnings.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast tilkynnið ef barn er fjarverandi vegna veikinda eða fría.

Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Mikilvægt er að fá upplýsingar um breytingar í lífi barnsins, til þess að hægt sé að bregðast við ef barnið sýnir breytta hegðun í leikskólanum, s.s. breytta fjölskylduhagi, fjarveru forelda, utanlandsferðir o.fl. Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar láti vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.

Dvalartímar

Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfseminni eða börnunum. Ef foreldrar óska eftir breytingu á eða viðbót við dvalartíma barnsins sækja þeir um hjá skólastjóra fyrir 16. hvers mánaðar.

Dvalargjöld

Dvalargjöld eru innheimt með gíróseðli. Dvalargjald er greitt fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 20 dögum síðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga er send ítrekun sjö dögum seinna, en 50 dögum eftir gjalddaga fara ógreiddir gíróseðlar til frekari innheimtu sem hefur í för með sér stórauðinn kostnað fyrir greiðandann. Hafi vanskil varað lengur en 3 mánuði varðar það missi leikskólaláttans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Ef barn er fjarverandi vegna veikinda eða annarra orsaka, greiða

foreldrar fyrir leikskólarýmið, en geta óskað eftir því að fæðishluti gjaldsins falli niður vari fjarvistir meira en hálfan mánuð samfleytt.

Skipulagsdagar/ Lokun

Skipulagsdagar eru þrjú á ári. Skipulagsdaga nota starfsmenn til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf sitt. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum og eru auglýstir með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Foreldrum er kynnt dagskrá skipulagsdags.

Leikskólinn er lokaður í 6 vikur vegna sumarleyfa. Sumarleyfislokun er auglýst með löngum fyrirvara. Leikskólinn er lokaður á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlaársdag. Sjá skólalagatal.

Upplýsingatöflur

Upplýsingatöflu leikskólans er ætlað að koma á framfæri upplýsingum til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með upplýsingum á töflunni.

Leikskólaráðgjafi á Skólaskrifstofu Suðurlands er starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar um fagleg málefni, samskipti og samstarf.

Foreldrasamstarf

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Þegar leikskólabörn hefja skólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Dagleg samskipti foreldra og leikskólakennara eru mikilvægur þáttur í öllu skólastarfinu, þar fara mikilvægar upplýsingar á milli er varða líðan og stöðu barnsins. Reglubundin formleg samtöl leikskólakennara og foreldra eru annað, þar gefst tækifæri á markvissum samræðum um líðan, nám og þroska barns heima og í leikskólanum.

Hvatt er til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfinu því fjölskyldan og leikskólinn þurfa að vera samstarfsaðilar.

Foreldrafundir

Tilgangur foreldrafunda er að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í leikskólanum. Í upphafi leikskólaársins eru foreldrar boðaðir á foreldrafund þar sem vetrarstarfið er rætt.

Foreldrafélag

Stjórn foreldrafélagsins:
Bjarni Daníel Daníelsson
Freyja Rós Haraldsdóttir
Narfi Jónsson

Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum á hver leikskóli að meta árangur og gæði skólastarfsins. Innra mat skólans er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Lögð er áhersla á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Afla þarf upplýsinga með margvíslegum hætti. Á grunni fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans og umbótaáætlun unnin í framhaldinu.

Matsáætlun

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfinu í kjölfar sameiningar leik – og grunnskóla á Laugarvatni. Matið í vetur lýtur því sérstaklega að þeim þáttum sem snúa að sameiningunni.

Stoðþjónusta

Sérfræðiþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings veitir skólanum þá þjónustu sem beðið er um eða óskað eftir á hverjum tíma. Oftast eru það kennarar í samráði við foreldra, sem vísa nemendum til þeirra er fara með þá þjónustu.

Foreldrar geta einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings
Stjórnsýsluhúsinu á Borg
801 Selfoss
Sími 486-4400

Upplýsingar um velferðarþjónustu má
finna á arnesthing.is

Símenntunaráætlun

Allir starfsmenn fara á haustþing og hlýða á fræðslu í einn dag. Valfrjáls viðfangsefni. Starfsdagur í nóvember og janúar nýttir að hluta til endurmenntunar. Símenntunaráætlun er í vinnslu.